

Umhverfissvið Kópavogsbæjar, skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

6.júní 2023
2023-04-89/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð

Landsneti barst, þann 27. apríl 2023, beiðni um að veita umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi og samhljóða breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs. Umsagnafrestur er til 8. júní 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsögn um forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi og um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Í umsögn um vinnslutillögu deiliskipulagsins vakti Landsnet athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins væri gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega myndi liggja við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni að gerð umhverfismats vegna þessa.

Hlé hefur nú verið gert á vinnu við undirbúning línunnar, þannig að ofangreindar forsendur hafa breyst. Landsnet telur því ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Rut Kristinsdóttir